Námsefni **Samfélagsfræði Haustönn 2026** 9-10. bekkur WS --- **Kennsla:** Aðalviðfangsefni lotunnar er seinni heimsstyrjöldin og aðdragandi hennar, frá ósigri Þýskalands árið 1918 til stríðsloka 1945. Fjallað er um uppgang nasista, valdatöku Hitlers, áróður og afnám lýðræðis, helstu atburði og vendipunkta stríðsins og áhrif þess á Ísland. Kennslan byggist á frásögnum, umræðum, töfluglósum og heimildarþáttum. Nemendur velja viðfangsefni tengt stríðinu, vinna glærukynningu með heimildum og kynna verkefnið í lok lotunnar	**Hæfniviðmið** **Sögulegur skilningur** Stefnt er að því að nemandi geti: • útskýrt hvernig afleiðingar fyrri heimsstyrjaldar, kreppur og pólitísk ólga stuðluðu að uppgangi nasista, • lýst valdatöku Hitlers og hvernig lýðræði Þýskalands var afnumið, • gert grein fyrir helstu atburðum seinni heimsstyrjaldarinnar, vendipunktum hennar og stríðslokum, **Lýðræði, mannréttindi og gagnrýnin hugsun** Stefnt er að því að nemandi geti: • rætt áhrif áróðurs, fordóma og einræðis á samfélög og einstaklinga, • gert grein fyrir mannlegum afleiðingum stríðsins, meðal annars Helförinni, • greint á milli staðreynda, túlkunar og ólíkra sjónarhorna á sögulega atburði. **Heimildavinna og miðlun** Stefnt er að því að nemandi geti: • aflað upplýsinga úr heimildum, valið lykilatriði og skráð heimildir sínar, • skipulagt efni á skýran og myndrænan hátt í glærukynningu, • miðlað sögulegri þekkingu munnlega með eigin orðum. --- **Námsmat** Vinnumat kennara. Glærukynning: efni, heimildir og munnleg framsetning. Þátttaka og frumkvæði í tímum.

	Áhugi og skilningur.